



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 23. apríl 2014  
Tilvísun FLE 6-2014

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**b/t Kristjána Benediktsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr 79/2008 um endurskoðendur, 373 mál.**

Með tölvupósti dags. 28 apríl s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

**Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins:**

**a. liður greinarinnar hljóðar svo:**

*Við 6. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Endurskoðendaráð hefur eftirlit með því að ekki sé brotið gegn þessu ákvæði.*

Lagt er til að eftirfarandi texta verður bætt við ákvæðið:

*Ef Endurskoðendaráði berast upplýsingar um að maður, sem ekki hefur fengið löggildingu til endurskoðunar, stundi slíka starfsemi eða að endurskoðandi fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum sem löggiltur endurskoðandi en starfi þó áfram sem slíkur er nefndinni heimilt að óska þess við ráðherra að starfsstöð viðkomandi verði lokað þegar í stað.*

**Rökstuðningur:** Með fyrstu grein frumvarpsins er gert að tillögu að Endurskoðendaráði sé ætlað að hafa eftirlitshlutverk með því að aðrir en endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki noti orðið endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- og firmaheiti sínu eða að aðrir aðilar veki þá trú að þeir séu endurskoðendur ef þeir eru það ekki. Fagnar FLE því að nú verði skilgreint í lögum hver skal hafa eftirlit með því að þetta mikilvæga ákvæði sé virt. Hins vegar er vekin athygli að því að viðurlög við brotum á þessu ákvæði eru takmörkuð í lögnum.

Eftirlitsnefnd fasteignasala hefur sambærilegt eftirlitshlutverk með störfum fasteignasala og hér er fjallað um og leggur FLE til að Endurskoðendaráði verði falið sambærilegar heimildir líkt og eftirlitsnefnd fasteignasala hefur og eru að finna í 25. gr laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

#### Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins:

Í 4. gr. frumvarpsins er felld burt ákvæði sem þar sem kveðið er á um að FLE skuli framkvæma gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda. Flyst þannig bæði ábyrgð og framkvæmd gæðaeftirlits til Endurskoðendaráðs. FLE gerir ekki athugasemdir við þann þátt frumvarpsins enda hafa margir félagsmenn verið þeirrar skoðunar að framkvæmd gæðaeftirlits samræmist illa hlutverki félagsins sem málsvara endurskoðenda þegar kemur að gæðaeftirlitinu sjálfu.

Í umsögn um frumvarpið kemur fram að samkvæmt upplýsingum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nemi kostnaður vegna gæðaeftirlits um 10 millj. kr á ári sem heimilt er samkvæmt frumvarpinu að leggja á endurskoðendur með sérstöku gjaldi. Það er mat félagsins að með tilflutningi á framkvæmd gæðaeftirlits til Endurskoðendaráðs komi þessi kostnaður með að aukast verulega. Ástæður eru þær að til þessa hefur FLE ekki innheimt óbeinan kostnað sem af gæðaeftirlitinu hlýst nema að litlu leyti. Með óbeinum kostnaði telst umsýsla eftirlits- og framkvæmdaraðila gæðaeftirlitsins, svo sem undirbúningur, skipulagning, yfirferð og samantekt gæðaeftirlitsins. Beinn kostnaður sem hefur verið innheimtur og nam um 10 millj. kr. á síðasta ári endurspeglar eingöngu vinnu gæðaeftirlitsmanna við framkvæmd gæðaeftirlitsins sem keypt hefur verið samkvæmt ákveðnu samkomulagi um hagstætt tímagjald. Kostnaður við gæðaeftirlitið hefur farið stigvaxandi undanfarin ár og vill því FLE koma á framfæri áhyggjum sínum yfir fyrirsjáanlegum auknum kostnaði við gæðaeftirlitið og leggur áherslu á að Endurskoðendaráð leiti allra leiða til að halda þeim kostnaði niðri.

#### Athugasemdir við 6. grein frumvarpsins:

- Fyrsta málsgrein hljóðar svo:

*Nú lætur endurskoðandi ekki skipast við áminningu skv. 2.mgr. eða hann vanrækir alvarlega skyldur sínar að mati endurskoðendaráðs eða hefur itrekað verið áminntur vegna brota sinna ....*

Undirstrikaður er textinn „verið áminntur“ hér að ofan þar sem betur færi á því að segja **fengið ábendingar**, enda áminning sérstök lögbundin aðgerð af hálfu Endurskoðendaráðs og hefur þegar verið nefnd í málsgreininni.

- Síðasti málsliður hljóðar svo:

*Þrátt fyrir ákvæði 3.mgr. helst niðurfelling réttinda ....*

Hér á væntanlega að vísa í 5.mgr. 17.greinar laganna, þar sem segir:  
*Tímabundin niðurfelling réttinda getur ekki verið lengur en til tólf vikna.*

- Tillaga að nýrri lokamálsgrein í 6.grein frumvarps (17.grein laganna):

*„Endurskoðandi getur skotið ákvörðun endurskoðendaráðs um að veita honum áminningu eða tillögu ráðsins um að réttindi hans verði felld niður sem og um greiðslu málskostnaðar til ráðherra. Endurskoðandi getur einnig skotið til ráðherra ákvörðun endurskoðendaráðs um tímabundna*

*sviptingu á löggildingu, auk ákvörðunar um málskostnað. Þrátt fyrir það helst tímabundin svipting löggildingar meðan málið er til meðferðar hjá ráðherra.“*

**Rökstuðningur:** Mikillar óánægju hefur gætt meðal endurskoðenda að ekki sé kveðið á um málskotsrétt vegna ákvarðana endurskoðendaráðs. Í athugasemdum með frumvarpinu við 7. grein er vísað til laga 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Í 23. grein þeirra laga er jafnframt fjallað um málskotsrétt og telur Álitsnefndin nauðsynlegt að hann sé jafnframt til staðar í lögum um endurskoðendur hvað varðar áminningar og tímabundna sviptingu.

#### **Athugasemdir við 7. grein frumvarpsins:**

Greinin hljóðar svo:

*Við 7. mgr. 18. gr. laganna bætist: og rökstudd álit skv. 2. mgr. 17. gr. Birta skal nöfn endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Við 7. mgr. 18. gr. laganna bætist: og rökstudd álit skv. 2. mgr. 17. gr. Við áminningu, sviptingu réttinda eða tímabundna niðurfellingu réttinda skal birta nöfn endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í úrskurðum Endurskoðendaráðs.*

**Rökstuðningur:** Endurskoðendaráð hefur margvíslegt hlutverk samkvæmt lögum um endurskoðendur. Eitt þessara hlutverka er að vera úrskurðaraðili um ágreiningsefni líkt og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 16. gr. núgildandi laga. FLE tekur undir að það hafi almenn varnaðaráhrif að birta niðurstöður þar sem aðilar eru nafngreindir auk þess sem það geti skipt máli fyrir þriðju aðila að fá vitneskju um tiltekin brot á lögnum. Félagið er aftur á móti mótfallið nafnbirtingu þegar um ágreiningsefni þriðja aðila eru að ræða sem leiða ekki til áminningar, tillögu að sviptingu réttinda eða tímabundinnar niðurfellingar réttinda af hálfu Endurskoðendráðs. Þessu til stuðnings er vísað í hlutverk úrskurðarnefndar lögmanna í lögum nr. 77/1998 en þar er ekki gerð krafa um nafnbirtingar í úrskurðum nefndarinnar um ágreiningsefni.

#### **Athugasemdir við 11. grein frumvarpsins:**

Greinin hljóðar svo :

*Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1.másl.9.gr öðlast þó gildi 1.janúar 2015.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:


*Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1.másl.9.gr og 4 gr. öðlast þó gildi 1.janúar 2015.*

**Rökstuðningur:**

Ósamræmi er milli gildistöku 1. másl. 4. gr. og 9. gr. frumvarpsins. Til að tryggja framkvæmd gæðaeftirlits 2014 hljóta þessi tvö ákvæði bæði að þurfa að taka gildi 1. janúar 2015.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE